

# Fundur hjá minjaráði Vesturlands í Borgarnesi

25. nóvember 2016 kl. 09:00.

Mættir: Magnús A Sigurðsson, Einar Brandsson, Ágúst Georgsson, Jón Allansson, Hulda Guðmundsdóttir og Sigurður Þórólfsson.

## 1. Verndarsvæði í byggð

Ein umsókn um styrk til að undirbúa verndarsvæði í byggð barst Minjastofnun Íslands frá sveitarfélögum á Vesturlandi, þ.e. Skorradalshreppi og hlaut hann kr. 5.980.000 til verkefnisins „Framdalurinn - Fitjasókn í Skorradal“. Hulda Guðmundsdóttir er verkefnisstjóri en Alta ehf í Reykjavík veitir ráðgjafapjónustu. Svo kallað Framdalsfélag var stofnað 2014 og hefur það að markmiði að viðhalda menningarminjum og sögu í hinni gömlu Fitjasókn í Skorradal. Félagið hefur gert samning við sveitarfélagið um að skoða kosti þess að Framdalurinn verði verndarsvæði. Ekki hefur verið búið þar í um 30 ár. Fyrirhugað er að gera fornleifaskráningu og húsakönnun ásamt mati á varðveislugildi minjanna. Þá eru hugmyndir um að gera upp hús á svæðinu o.fl. Um þróunarverkefni er að ræða og þarf styrkurinn að vera fullnýttur fyrir 31. desember 2017. Hulda hafði framsögu um þetta verkefni.

Hvanneyrartorfan var friðlýst sem heild fyrir gildistöku laga um verndarsvæði í byggð (nr. 87/2015). Nokkrar umræður voru um verndarsvæði í byggð almennt og töldu fundarmenn að heppilegra hefði verið að ráðast í færri verkefni en raun ber vitni á meðan unnið væri að frekari útfærslu laganna og mótun verklagsreglna, en veittir voru styrkir til 21 verkefnis samtals. Rætt var um vægi og hlutverk minjaráða í þessu sambandi og hvort þeim sé heimilt að hafa frumkvæði að einstökum verkefnum. Svo mun vera en upplýsa þarf sveitarstjórnir um gang mála.

## 2. Starfsreglur minjaráða

Minjavörður lagði fram til kynningar greinargerð með heitinu *Minjaráð – starfsreglur*. Fór hann yfir helstu atriði hennar, þ.e. hlutverk, starfsemi og viðfangsefni minjaráða. Meðal verkefna er ráðgjöf vegna átaksverkefna á sviði minjavörslu, verndarsvæði í byggð, átaksverkefni áhugafólks, stuðla að umræðu um menningarminjar og minjavernd og stefnumótun um verndun fornleifa og byggingararfs. Hlutverk minjaráða er m.a. að vekja athygli á menningarminjum, bæði til almennings og sveitastjórna. Greinargerðin er sem stendur innanhússplagg á Minjastofnun.

## 3. Lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Minjavörður lagði fram útprent af lögunum og fór yfir helstu atriði þeirra. Lögin er að finna á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/145/s/1051.html>. Í framhaldi var greint frá að búið er að tilnefna þrjá minjastaði á Vesturlandi, þ.e. Dritvík, Snorralaug og Surtshelli, sem koma til með að vera í forgangi þegar kemur að uppbyggingu ferðamannastaða á Vesturlandi. Minjaráð getur gert tillögu um slíka staði. Rætt var um að nauðsynlegt væri að dreifa ferðamönnum á stærra svæði, tryggja gott aðgengi, bílastæði, göngustíga o.fl.

#### **4. Náttúra, menningarminjar og ferðamenn**

Minjavörður lagði fram til kynningar drög að verkefnaáætlun vegna ársins 2017 sem varða náttúru, menningarminjar og ferðamenn. Farið var lauslega drögin en ekki rædd frekar. Sjá nánar á [https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF\\_skrar/innvidir-aetlun-2017-drog-0510206\\_lokaskjal.pdf](https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/innvidir-aetlun-2017-drog-0510206_lokaskjal.pdf)

#### **5. Störf minjaráða**

Í umræðum um störf minjaráða kom fram að hægt er skjóta málum til þeirra en þó aðeins til umsagnar. Æskilegt væri að kynna ráðin út á við, t.d. með skrifum í héraðs- eða landshlutablöð.

Stefnt er að minja- og tiltektardegi á næsta ári með þátttöku almennings og verður tilkynnt um það síðar. „Bjössaróló“ í Borgarnesi var nefnt í þessu sambandi, sláttur á gamla mátann og námskeið þar að lútandi. Ekki þyrfti nauðsynlega að vera um eiginlega minjastaði að ræða. Samþykkt var að halda sláttudag í Haga í Skorradal og mun minjavörður kanna hvort unnt sé að hrinda þessu í framkvæmd.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 11:30.

Ágúst Ólafur Georgsson fundaritari